



Kennari: Garðar G. Norðdahl **Netfang:** gardar@fva.is **Hólf:** 40

Kennslugögn: Tölfræði e. Jón Þorvarðarson ásamt fjölrítum frá kennara

Kennsluform: Að mestu leyti fer kennslan þannig fram að námsefnið er kynnt/útskýrt með stuttum dæmum á töflu og/eða með skjávarpa í upphafi tíma og tíminn síðan notaður í umræður og/eða lausn verkefna. Einnig eru tímarnir notaðir í yfirferð verkefna. Sýnt verður og útskýrt hvernig hægt er að leysa ýmis tölfræðiverkefni í tölvu og verður reikniforritið Excel notað.

Lýsing: Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði tölfræðinnar og líkindareiknings. Einnig er farið yfir samantektir, umraðanir, mengjareikning og rökfræði. Í tölfræðihlutanum er unnið með einkennistöflur talnasafna og bæði fengist við útreikninga og myndræna framsetningu.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: Öryggismörkum, fylgni og tilgátuprófunum. Nemandinn þekki grunnaðgerðir rökfræðinnar, þekki samantektir og umraðanir og geti notað til að finna líkindi, þekki skilyrt líkindi og geti gert líkindatré til stuðnings, kannist við hugtakið fylgni, geti sett fram tilgátur og notað normaldreifingu til tilgátuprófana

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni við að nota og reikna út: Tvíkostadreifing og tvíliðaformúluna. Normaldreifingu og Z-stig. Geti gert tíðnitöflu og fundið meðaltal og staðalfrávik. Þekki normaldreifingu, z-stig og öryggisbil.

Hæfniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast hæfni við að nota og reikna út: Gagnasöfn og tíðnitöflur. Myndrit. Miðsækni, meðaltal, tíðasta gildi, miðgildi. Dreifingu, staðalfrávik, meðalfrávik, seilingu.

Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og reglulega heimavinnu milli kennslustunda

Námsmat byggist á:

- | | | |
|------------------------------|------|-------------|
| ○ Skriflegt próf í lok annar | 60 % | (lágmark 5) |
| ○ 8 Kannanir, 7 bestu gilda | 40% | |

Nemendur sem uppfylla **bæði eftirtalin skilyrði** geta sleppt lokaprófinu og látið annareinkunnina standa sem lokaeinkunn.

- Nemandi er með **8,0 eða hærra í annareinkunn**
Annareinkunn er meðaleinkunn fyrir bestu 7 af 8 könnunum
- Nemandi er með **að lágmarki 90% "raunmætingu"** í kennslustundir.
Inna, raunmæting

Kannanir verða lagðar fyrir í lok kennslustunda án sérstaks fyrirvara og taka yfirleitt ekki nema 20-30 mín. Það eru engar „sjúkakannanir“ en þeir sem missa af 2 eða fleirri könnunum vegna Veikinda eða Leyfis verður gefinn kostur á að taka aukakönnun í lok annar.

Vikuáætlun

Vikur	Dags. Mánud.-föstud.	Kd.	Námsáætlun annarinnar	
			Kaflar-námsefni	Verkefni
1	2.1-6.1	2	Kynning á áfanganum	
2	9.1-13.1	5	1. Gagnasöfn og tíðnidreifing	
3	16.1-20.1	5	2. Myndræn framsetning	K-1
4	23.1-27.1	5	3. Miðsækni	
5	30.1-3.2	5	4. Mæling á dreifingu	K-2
6	6.2-10.2	5	5. Líkindareikningur	
7	13.2-17.2	5	5. Líkindareikningur	
8	20.2-24.2	5	5. Líkindareikningur	K-3
9	27.2-3.3	1	Opnir dagar, árshátíð 28.2-3.3	
10	6.3-10.3	5	6. Tvíliðaformúlan og líkindadreifingar	K-4
11	13.3-17.3	5	6. Z-stig og Normaldreifing	
12	20.3-24.3	5	7. Úrtaksfræði	K-5
13	27.3-31.3	5	8. Öryggismörk	
14	3.4-7.4	5	8. Öryggismörk	K-6
15	10.4-14.4	0	Páskaleyfi 10.4-19.4	
16	17.4-21.4	2	8. Öryggismörk	K-7
17	24.4-28.4	5	9. Tilgátuprófanir	
18	1.5-5.5	5	10. Fylgni	K-8
19	8.5-12.5	3	Upprifjun, allir kaflar	
20	15.5-...		Próf samkv. próftöflu frá 11.5-22.5	

Kaflar og verkefni gætu skarast á milli vikna.

Opnir dagar: vika 9 28.2 til 2.3

Árshátíð: vika 9 2.3

Árshátíðarfrí: 3.3

Páskaleyfi: vika 15 10.4 til 19.4

Síðasti kennsludagur: 10.5